

**Ed. 359. Frumvarp til laga [202. mál]**

um breyting á lögum nr. 12 frá 20. júní 1923, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983—84.)

1. gr.

Í stað orðanna „á hann þá heimtingu á að málið verði tekið upp aftur og rannsakað á ný“ í 16. gr. laganna komi orðin: getur hann þá skotið málinu til áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

2. gr.

Á eftir orðinu „ráðuneytið“ í 1. setningu 17. gr. laganna komi orðin: eða áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum.

3. gr.

Við lög in bætist ný grein sem orðist þannig:

Nefnd sú sem skipuð skal samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum, úrskurðar í deilumálum skv. 16. gr., sbr. 17. gr. laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögfest verði önnur málsmeðferð en verið hefur í þeim tilvikum sem ráðuneyti synjar einkaleyfisbeiðanda um einkaleyfi. Í stað ákvæða um að einkaleyfisbeiðandi geti krafizt þess að synjun ráðuneytis á einkaleyfi verði tekin upp aftur og rannsökuð á ný af ráðuneytinu er lagt til að komið verði á fót sérstakri nefnd til að úrskurða í ágreiningsmálum er varða skráningu einkaleyfa. Frumvarp þetta er flutt samhliða frumvarpi til breytinga á lögum nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, um sama efni. Vísast til greinargerðar með því frumvarpi um forsendur þeirrar lagabreytingar sem hér er lögð til. En megin tilgangur frumvarpsins er að stuðla að auknu réttaröryggi í stjórnslunni við meðferð einkaleyfa.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Hér er lagt til að ágreiningi um veitingu einkaleyfis megi skjóta til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar í vörumerkja- og einkaleyfamálum, og að sú kæruehimild komi í stað réttar til að fá afgreiðslu máls í ráðuneytinu tekna upp á ný eins og nógildandi 16. gr. einkaleyfalaganna gerir ráð fyrir.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Lagt er til að sérstök nefnd, áfrýjunarnefnd í vörumerkja- og einkaleyfamálum sem skipuð verði skv. lögum um vörumerki, úrskurði í ágreiningsmálum vegna veitingar einkaleyfa.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.